

# **HEILSUGÆSLA Í ÁRBORG**

## **ÞARFAGREINING OG HÚSRÝMISÁÆTLUN**

**OKTÓBER 2023**

**VERKKAUPI:**  
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTI (FJR)

**UMSJÓNARAÐILI:**  
FRAMKVÆMDASÝSLAN-RÍKISEIGNIR - RÍKISEIGNIR (FSRE)

## EFNISYFIRLIT

|                                          |           |
|------------------------------------------|-----------|
| <b>ALMENNT</b>                           | <b>1</b>  |
| <b>1 INNGANGUR</b>                       | <b>1</b>  |
| <b>2 STEFNUMÓTUN</b>                     | <b>2</b>  |
| <b>3 ÞARFAGREINING</b>                   | <b>3</b>  |
| 3.1 Núverandi staða                      | 3         |
| 3.2 Forsendur þarfagreiningar            | 4         |
| 3.2.1 Fjölgun íbúa - Selfoss og nágrenni | 4         |
| 3.3 Áætlaður fjöldi starfsfólks          | 6         |
| 3.3.1 Áætluð stöðugildi                  | 6         |
| 3.4 Staðsetning                          | 7         |
| <b>4 HÚSRÝMISÁÆTLUN</b>                  | <b>8</b>  |
| 4.1 Forsendur rýmisáætlunar              | 8         |
| 4.2 Stærðarviðmið                        | 8         |
| <b>5 HÖNNUNARFORSENDUR</b>               | <b>9</b>  |
| 5.1 Skipulag húsnæðis og æskileg tengsl  | 9         |
| <b>6 DEILISKIPULAG</b>                   | <b>10</b> |
| <b>7 NIÐURSTAÐA ÞARFAGREININGAR</b>      | <b>10</b> |
| <b>8 FYLGISKJAL F-01: HÚSRÝMISÁÆTLUN</b> | <b>11</b> |

## ALMENNT

Samkvæmt Verklagsreglum fjármálaráðuneytis skal gera þarfagreiningu og húsrýmisáætlun fyrir opinbera starfsemi ríkisins. Í verklagsreglum stendur m.a. „Gerð er grein fyrir eðli og umfangi verkefnisins og sú þörf skilgreind sem ætlunin er að leysa með því. Almennt skal miða við þróun starfseminnar um 10-15 ár fram í tímann, en jafnframt hugað að lengri framtíð eftir því sem aðstæður leyfa. Þegar þessar forsendur liggja fyrir skal efna til samráðs við notendur mannvirkis á grundvelli þeirra en mikilvægt er að sjónarmið notenda komist til skila á þessu stigi. Við mat á rýmisþörf starfseminnar skal taka tillit til þeirra viðmiða sem sett verða fyrir almenna og sértæka notkun húsnæðis á vegum ríkisins ásamt reynslu af gerð sambærilegra mannvirkja. Þau skjöl sem miðað er við: „Viðmið um vinnuumhverfi 2020“, „Skipulag stærri heilsugæslustöðva – Viðmið um húsnæði og starfsemi, september 2020“ eða eftir atvikum önnur leiðbeiningarit ráðuneytisins.

Í þarfagreiningu þarf að horfa til hugmyndafræði um þá þjónustu sem veita skal á heilsugæslustöðvum og mögulegrar þróunar hennar. Stærð og skipulag húsnæðis skal taka mið af:

- Fjölda íbúa/skjólstæðinga viðkomandi þjónustusvæðis.
- Þeirri þjónustu sem veitt er.
- Möguleika til breytinga á þjónustu og þróunar hennar.

Skipulag húsnæðis skal vera með þeim hætti að þjónusta við notendur og rekstur stöðvarinnar verði skilvirkur og að það henti vel fyrir teymisvinnu starfsmanna. Einnig skal taka mið af mögulegum tækninyngum sem bætt geta þjónustuna og aðgengi að henni.

## 1 INNGANGUR

Heilsugæslan á Selfossi (HS) er til húsa á Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) við Árveg 3. HSU veitir heilsugæslu-, sjúkrahús- og öldrunarþjónustu ásamt því að annast sjúkraflutninga. Þjónustusvæðið nær frá Þorlákshöfn í vestri til Hafnar í austri.

Um rekstur og starfsemi heilsugæslustöðva gilda lög nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og reglugerð nr. 1111/2020. Jafnframt ber að fara eftir öðrum lögum sem gilda um heilbrigðisþjónustu.

Hlutverk og þjónusta heilsugæslustöðva er tiltekin í 18. gr. og 19. gr. reglugerðar um heilbrigðisumdæmi og starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa, nr. 1111/2020. Heilsugæslustöðvar sinna heilsugæslu, en með heilsugæslu er m.a. átt við heimilislækningar, heilsueflandi móttaka, bókuð móttaka, heimahjúkrun og opin móttaka sem tekur á móti bráðaerindum, smáslysum og bólusetningum er sinnt.

Heilsugæslustöðvar stuðla að bættu heilbrigði almennings á þjónustusvæði stöðvarinnar. Heilsugæslan skal veita sjúklingum og fjölskyldum samfellda, heildstæða og aðgengilega þjónustu. Heilsugæslunni ber að vinna að auknum lífsgæðum landsmanna með því að vernda og efla heilsu þeirra, stunda fræðslu og hafa frumkvæði að þróun og eflingu þjónustunnar.

Starfsemi heilsugæslustöðvarinnar er mikilvæg í nærsamfélaginu og stór hluti af grunnstöðum bæjarfélagsins. Sameiginlegir snertifletir starfseminnar við aðra þjónustu innan bæjarfélagsins liggja víða, m.a. í samstarfi stöðvarinnar við grunnskóla, þjónusta við eldri borgara, heilsueflandi samfélag og félagslega þjónustu. Áherslur bæjarbúa hafa komið skýrt fram um að öflug heilsugæsla sé nauðsynlegur hlekkur í velferð, öryggi og þjónustu við íbúa.

Kjarninn í hugmyndafræði við skipulag húsnæðis fyrir heilsugæslu tekur mið af því að hægt sé að skipuleggja þjónustuna þannig að hún mæti sem best þörfum notenda. Einnig þarf að tryggja möguleika til breytinga og þróunar þjónustunnar eftir því sem þekkingu á sviði heilbrigðisþjónustu vindur fram og áherslur breytast, s.s. til teymisvinnu, þverfaglegrar þjónustu og fjarheilbrigðisþjónustu.

Auk þeirrar heilbrigðisþjónustu með geðheilsuteymi og heimahjúkrun sem veitt er sinnir heilsugæslustöðin á Selfossi kennsluskyldu læknakandídata, læknanema, hjúkrunarnema, sálfæðinema og sérnámslækna.

## 2 STEFNUMÓTUN

Heilsugæsla Selfoss fylgir stefnu og meginmarkmiðum Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins. Útfærsla á meginstefnu kemur fram í þjónustustefnu, upplýsingaöryggisstefnu, starfsmannastefnu, jafnréttisstefnu og samgöngustefnu.

### **Stefna Heilsugæslu Selfoss er:**

- að vera fyrsta val þeirra sem þurfa á almennri heilbrigðisþjónustu
- að vera framsækin og ábyrgur aðili í íslenskri heilbrigðisþjónustu
- að hafa jákvæð áhrif á líf almennings
- að vera talinn eftirsóknarverður vinnustaður

### **Markmið Heilsugæslu Selfoss eru:**

- að veita þeim sem til hennar leita áhrifaríka og góða heilbrigðisþjónustu
- að bjóða samfellda, aðgengilega og heilðræna þjónustu
- að stunda árangursríkan og hagkvæman rekstur
- að heildarskipulag og verkaskipting innan og milli heilsugæslustöðva styðji við framtíðarsýn
- að notuð sé viðeigandi og skilvirk upplýsingatækni
- að stundað sé stöðugt og metnaðarfullt rannsóknar- og fræðslustarf

### **Gildi Heilsugæslu Selfoss eru:**

- **Ábyrgð** Starfsfólk HS ber faglega ábyrgð á störfum sínum og gerir sér grein fyrir afgerandi gildi þeirra fyrir skjólstæðinga og mikilvægu samfélagslegu hlutverki þjónustunnar.
- **Fagmennska** Starfsfólk HS helgar sig verkefni hvernar stundar, vinnur af heilindum og metnaði, og leggur ríka áherslu á gæði og samvinnu. Því er annt um árangur starfsins og fylgist markvisst með áhrifum þjónustunnar.
- **Traust** Starfsfólk HS sýnir skjólstæðingum sínum og öðrum hagsmunaaðilum ávallt fyllstu virðingu og trúnað, gætir þagmælsku um þætti sem varða starfið og hefur í heiðri siðareglur við dagleg störf.

- **Þjónusta** Starfsfólk HS hefur víðtækan skilning á þörfum skjólstæðinga sinna og sýnir opinn hug og jákvæðan vilja í verki. Það hefur yfirsýn yfir úrræði og framboð heilbrigðisþjónustu og leggur sig fram um að bjóða lausnir sem tryggja samfellda og örugga þjónustu.
- **Framþróun** Starfsfólk HS leggur metnað í stöðugt umbótastarf, rannsóknir, kennslu og þekkingarstjórnun og hefur frumkvæði að þróunarstarfi sem stuðlar að framúrskarandi heilsugæsluþjónustu.

### 3 ÞARFAGREINING

#### 3.1 Núverandi staða

Heilsugæslan er staðsett á 1. hæð í vesturálmú Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) og er sú aðstaða um 1.250 m<sup>2</sup>. Stöðin þarf að sinna sífellt fjölmennari samfélagi. Núverandi húsnæði er of lítið og annar því ekki eftirspurn eftir þjónustu auk þess sem starfsemin getur ekki þróast og stækkað eftir þörfum. Að auki uppfyllir hún ekki þau skilyrði sem getið er um í kröfúlýsingu um heilsugæslustöðvar og þeim skilyrðum um vinnuumhverfi starfsmanna sem er að finna í lögum nr. 46/1980.

Á heilsugæslunni starfar 60 starfsmenn í um 50,9 stöðugildum. Sjá neðangreinda töflu 1.

Tafla 1. Núverandi fjöldi starfsmanna og stöðugilda


| Starfsheiti                                           | Fjöldi    | Stöðugildi   |
|-------------------------------------------------------|-----------|--------------|
| Sérfræðingar, læknar, sérnámslæknar og kándídatar     | 14        | 14           |
| Hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, ungðarnavernd, móttaka | 19        | 16,1         |
| Sjúkraliðar                                           | 12        | 9,1          |
| Sálfræðiteymi                                         | 5         | 5            |
| Heimahjúkrun (hjúkrunarfr./sjúkral.)                  | x         | x            |
| Geðheilsuteymi                                        | 6         | 4,65         |
| Sjúkraþjálfari                                        | 1         | 0,5          |
| Lífeindafræðingur/rannsókn                            | 3         | 1,5          |
| <b>Alls fjöldi starfsmanna/stöðugildi</b>             | <b>60</b> | <b>50,85</b> |

Meginþættir starfseminnar eru:

- *Læknamóttaka*
- *Hjúkrunarmóttaka*
- *Móttaka vegna slysa og bráðra veikinda*
- *Heilsueflandi móttaka*
- *Ung- og smábarnavernd*
- *Mæðravernd*
- *Heilsuvernd skólabarna*
- *Lyfjameðferð og lyfjaendurnýjun*
- *Ritvinnsla og úrvinnsla gagna*
- *Rannsóknir, þar með talið blóðprufur*
- *Geðheilsuteymi*

- Heimahjúkrun
- Sálfræðipjónusta fyrir börn til 18 ára
- Ýmiskonar ráðgjafarþjónusta

## Núverandi húsnæði



Mynd 1. Heilsugæslan á 1.hæð vesturálmum um 1.250 m<sup>2</sup>.

## Helstu ókostir við núverandi húsnæði:

- Viðtalsrými ymist of stór eða of lítil
- Skortur á viðtalsrýmum
- Miðrýmin gluggalaus
- Skortur á almennum og fjölbreyttari vinnurýmum/teymisrýmum
- Skortur á fundarrýmum
- Biðstofa langt í burtu og lítil yfirsýn yfir biðstofuna (ef eitthvað gerist þar)
- Ófullnægjandi hljóðvist
- Ófullnægjandi loftræsing

## 3.2 Forsendur þarfagreiningar

### 3.2.1 Fjölgun íbúa - Selfoss og nágrenni

Fjölgun íbúa í Árborg mældist um 3,7% á síðasta ári. Samkvæmt aðal- og deiliskipulagi Árborgar verður mikil uppbygging á íbúðabyggð á næstu árum. Búið er að skipuleggja m.a. fyrir Árbakka með um 280 íbúðum, í landi Bjarkar með um 660 íbúðum og Austurbyggð II með um 380 íbúðum (skipulag.is), sjá mynd 2. Þetta er samtals um 1.320 íbúðir með að meðaltali 4.600 íbúum. Nágranna sveitarfélög eru í miklum vexti, allt frá um 3% fjölgun til 7,7% á árinu 2022 til 2023 (hagstofa.is).





Mynd 2. Úrklippa af yfirlitskorti sveitarfélagsins Árborg - deiliskipulög sýnd með gulu.

Við gerð þessar þarfagreiningar var haft að leiðarljósi að með nýju húsnæði gæti Heilsugæslan á Selfossi uppfyllt eftirfarandi þætti sem snúa að:

- **Þörf fyrir aukna þjónustu í vaxandi samfélagi.**
  - Mikil uppbygging hefur verið í sveitarfélaginu síðustu árin og bæjarfélagið stækkað umtalsvert.
  - Í dag búa um 11.240 einstaklingar í sveitarfélaginu Árborg. Auk skráðra íbúa eru ferðamenn, sumarhúsaeigendur og erlendir ríkisborgarar sem leitar á heilsugæslustöðina vegna skyndilegra veikinda og slysa í hverjum mánuði.
  - Samkvæmt aðalskipulagi Selfoss er gert ráð fyrir áframhaldandi fjölgun og á árinu 2030 verði íbúar 15.400.
- **Fjölgun starfsmanna.**
  - Í ljósi mannfjöldaspár þarf að stækka og efla heilsugæslustöðina og fjölga starfsfólki svo unnt sé að mæta þjónustubörf vaxandi íbúafjölda og stækkandi samfélags til næstu 10-20 ára.
- **Öflugum fyrsta viðkomustað inn í heilbrigðiskerfið.**
  - Á heimasíðu Sjúkratrygginga Íslands kemur fram að heilsugæslan eigi að vera fyrsti viðkomustaður einstaklinga sem þurfa á heilbrigðisþjónusta að halda og stefnt er að betra aðgengi að heilsugæslunni, bættum gæðum og fjölbreyttara starfsumhverfi innan hennar.
- **Samfelldri þjónustu sem byggir á straumlínulaga stjórnun.**
  - Gerðar eru kröfur til þess að heilsugæslan geti veitt skjólstæðingum sínum aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu, sem grundvallast á straumlínulaga stjórnun, teymisvinnu, nýjungum/tækni á sviði heilbrigðisþjónustu, sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi starfstétta.

- *Viðtöku á nýjum og fjölbreyttum verkefnum.*
  - Í æ meira mæli er verið að leita til heilsugæslunnar um að taka að sér fleiri verkefni á sviði heilbrigðisþjónustu og forvarnarstarfs sem hefur í för með sér aukna þörf fyrir aðgengilegt og vinnuvænt rými. Þar má nefna heilsuvernd aldraðra, heilsueflandi móttökur og sérhæfðar móttökur eins og sykursýkismóttaka blóðþrýstingsmóttaka, nýbúamóttaka.
- *Heilsusamlegum og eftirsóttum vinnustað.*
  - Tryggja þarf öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem er í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu hverju sinni.

Eins og fram kemur í lýsingu á ókostum núverandi húsnæðis í grein 3.1 *Núverandi staða*, er ekki unnt að uppfylla ofangreinda þætti í núverandi húsnæði.

### 3.3 Áætlaður fjöldi starfsfólks

Stækkandi samfélag kallar á fjölgun starfsmanna enda er það yfirlýst stefna stjórnvalda að heilsugæslan eigi að vera fyrsti viðkomustaðurinn inni í heilbrigðiskerfið. Innan heilsugæslunnar á Selfossi er heimahjúkrun og geðheilsuteymi.

Ef skoðuð er þróunin í sveitarfélaginu næstu 10-15 árin þarf að gera ráð fyrir stöð sem getur annað allt að 18.000 skjólstaðingum.

#### 3.3.1 Áætluð stöðugildi

Í dag eru 60 starfsmenn í um 50,9 stöðugildum og er það ekki nægjanlegur starfsmannafjöldi en áætlað er að þurfi um 80 stöðugildi til að bæta lögbundna þjónustu miðað við núverandi stöðu. Þegar áætla á 10-15 ár fram í tímann þarf að gera ráð fyrir að fjöldi stöðugilda geti aukist, sjá töflu 2.

Tafla 2. Áætlaður fjöldi stöðugilda

| Starfsheiti                                           | Áætlaður fjöldi starfsfólks | Áætluð stöðugildi, miðað við þörfina í dag |
|-------------------------------------------------------|-----------------------------|--------------------------------------------|
| Sérfræðingar, læknar, sérnámslæknar og kándídatar     | 20                          | 20                                         |
| Hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, ungbarnavernd, móttaka | 28                          | 22                                         |
| Sjúkraliðar                                           | 14                          | 10                                         |
| Sálfræðiteymi                                         | 7                           | 7                                          |
| Heimahjúkrun (hjúkrunarfr./sjúkral.)                  | 12                          | 10                                         |
| Geðheilsuteymi                                        | 10                          | 8,5                                        |
| Sjúkraþjálfari                                        | 1                           | 1                                          |
| Lífeindafræðingur/rannsókn                            | 3                           | 2                                          |
| <b>Alls fjöldi starfsmanna/stöðugildi</b>             | <b>95</b>                   | <b>80,5</b>                                |




### 3.4 Staðsetning


Finna þarf hentugt húsnæði svo hægt sé að veita skilvirkari og öflugri þjónustu til skjólstæðinga, og mæta betur þeim kröfum sem gerðar eru til starfseminnar.

Æskilegt að heilsugæslan sé staðsett miðsvæðis í sveitarfélaginu og aðkoma þeirra sem þangað sækja þjónustu sé greið. Gera þarf ráð fyrir nægum bílastæðum innan lóðar og stutt í göngu- og hjólastíga svo og almenningssamgöngur.

Sýnileiki stofnunarinnar er mikilvægur í bæjarmyndinni. Það er kostur að heilsugæsla er nálægt sambærilegum stofnunum og heilsutengdri þjónustu. Gera þarf ráð fyrir að val á staðsetningu er í takt við Aðalskipulag Árborgar sem setur stefnuna um framtíðaruppbyggingu sveitarfélagsins. Leiguhúsnæði fyrir heilsugæslu þarf því að vera á þjónustusvæði eða staðsett þar sem gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun.



Mynd 3. Úrklippa úr gildandi aðalskipulagi Árborgar 2020 - 2036.



Mynd 4. Yfirlitskort yfir Selfoss, möguleg staðsetning á heilsugæslu væri innan marka hringins.

## 4 HÚSRÝMISÁÆTLUN

### 4.1 Forsendur rýmisáætlunar

Við mat á húsrýmisþörf er stuðst við leiðbeiningaritið „Viðmið um vinnuumhverfi“ frá 2020 þar sem við á og „Skipulag stærri heilsugæslustöðva – Viðmið um húsnæði og starfsemi, nóvember 2020“.

Stærð rýma er lýst í fylgiskjali F-01 „Húsrýmisáætlun.xlsx“. Þar er tekið tillit til þeirra viðmiða sem sett eru fram fyrir almenna og sértæka notkun á vegum ríkisins.

Fjöldi starfsmanna í dag er 60 í um 50,9 stöðugildum en á næstu 10 árum er miðað við verulega fjölgun starfsfólks til að anna þörfinni og verði um **95** manns í **80** stöðugildum. Til þess að slík þróun geti átt sér stað, þarf að færa starfsemi í stærri húsakynni.

Þarfagreining og húsrýmisáætlun voru unnin í samvinnu starfsmanna heilsugæslunnar og FSRE.

### 4.2 Stærðarviðmið

Í meðfylgjandi húsrýmisáætlun er gerð grein fyrir starfsemi heilsugæslunnar og miðast stærðir rýma við hefðbundna starfsemi slíkra stofnana auk viðbótarrýma fyrir heimahjúkrun og geðheilsuteymi. Niðurstöður um brúttó notkun flatarmáls pr. starfsmann við hefðbundna skrifstofustarfsemi, eiga ekki við nema að litlu leiti þar sem lítið er um hefðbundna

skrifstofustarfsemi. Í viðmiðum ráðuneytisins um heilsugæslur er gert ráð fyrir 90 m<sup>2</sup> á 100 skjólstæðinga þegar um hefðbundna heilsugæslu er að ræða. Þessi viðmið eru lágmarksviðmið og þarf að taka tillit til hvaða viðbótar starfsemi mun fylgja hverri stöð s.s. aðstaða fyrir kennslu, sjúkrabjálfun, heimahjúkrun, geðheilsuteymi, krabbameinsskoðun o.fl. Í skjalinu er gerð grein fyrir þeim sérrýmum sem stofnunin telur nauðsynleg fyrir starfsemina.

Samkvæmt niðurstöðu þarfagreiningar er 18.000 skjólstæðinga stöð, besti kosturinn. Aðallega er það vegna áætlaðrar þróunar mannfjölda í sveitarfélaginu og þróunar starfseminnar í heild. Valkosturinn uppfyllir ríflega áætlaða þróun í stöðugildum stöðvarinnar.

## 5 HÖNNUNARFORSENDUR

### 5.1 Skipulag húsnæðis og æskileg tengsl

Eins og áður hefur komið fram þarf að horfa á skipulag húsnæðis og rýma út frá línulegri stjórnun og teymisvinnu. Æskilegt er að rými sem vinna náið saman liggja samhliða hvert öðru og að auðvelt sé að nálgast öll aðföng sem til þarf svo gott flæði sé í starfseminni.

Hönnunarforsendur þurfa að taka mið af þarfagreiningu og fylgiskjöllum: F-01 Húsrýmisáætlun, F-02 Húslýsingu og F-03 Tæknikröfum fyrir heilsugæslur.

#### Eftirfarandi atriði þarf að hafa í huga við hönnun heilsugæslunnar:

- Að fyrirkomulag byggingarinnar á lóðinni bjóði upp á gott aðgengi, skjólgóða innkomu og vel hönnuð bílastæði.
- Að gott aðgengi sjúkrabífreiða sé að stöðinni.
- Að aðal starfsemin sé á einni hæð.
- Að skipulag húsnæðis hámarki skilvirkni þjónustunnar, rekstursins og teymisvinnu starfsmanna með straumlínustjórnun (LEAN) að leiðarljósi.
- Að gott aðgengi skjólstæðinga sé að stöðinni og skilvirkt flæði um rýmið.
- Að á stöðinni séu tæki og búnaður í samræmi við nútíma kröfur.
- Að horft sé til framtíðar í velferðartækni- og öðrum tæknilegum lausnum er auðveldað geta daglegt starf og vinnuaðstöðu starfsfólks.
- Að húsnæðið verði hagkvæmt með hliðsjón af framkvæmda- og rekstrarkostnaði.
- Að umhverfissjónarmið og vistvæn hönnun verði höfð að leiðarljósi.
- Að allt innra skipulag sé haglega hannað og aðlaðandi fyrir starfsfólk og skjólstæðinga.
- Að stærð húsnæðis bjóði upp á þróun í starfsmannahaldi og fjölbreyttari þjónustuform.
- Að vinnuaðstaða og vinnuumhverfi starfsmanna sé í samræmi við lög um vinnuvernd.
- Að til staðar sé kennsluáðstaða fyrir nema í heilbrigðisfræðum.
- Að loftgæði séu góð.
- Að viðeigandi hljóðvist sé tryggð.
- Að aðgangsstýring stuðli að öryggi starfsfólks og skjólstæðinga og stýri flæði um rýmið.





Mynd 5. Aðgangsstýring - aðgengi.

## 6 DEILISKIPULAG

Um er að ræða leiguverkefni þar sem leigusali útvegar húsnæði og lóð. Mögulega þarf að breyta deiliskipulagi áður en farið verði í breytingar á húsnæði í heilsugæslu.

## 7 NIÐURSTAÐA ÞARFAGEININGAR

Markmið verkefnisins er að bæta húsnæðisvanda Heilsugæslunnar á Selfossi (HS), á Selfossi.

Þegar tekið er tillit til framtíðarþróunar í mannfjöldaspá í sveitarfélaginu næstu 10-15 árin og framtíðarþróun starfsemi heilsugæslunnar á Selfossi er 18.000 skjólstæðinga stöð heppileg stærð sem mun uppfyllir þarfir heilsugæslunnar.

Lagt er til að auglýsa eftir húsnæði fyrir **1.990 m<sup>2</sup>** heilsugæslu innan Selfoss, innan svæðis sem merkt er á mynd 3.

F.h. FSRE

---

Anna Sofía Kristjánsdóttir, verkefnastjóri FSRE

## 8 FYLGISKJAL F-01: HÚSRÝMISÁÆTLUN

| 09.2023                                                |                                                                |                      |             |                       |                        |                |       |
|--------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------|----------------------|-------------|-----------------------|------------------------|----------------|-------|
| VERKNÚMÉR 6095035                                      |                                                                | Fjöldi starfsstöðva  |             | 80                    | Brúttó álag:           | 35%            |       |
| HEITI VERKE Heilsugæsla Selfossi                       |                                                                | Fjöldi skjólstaðinga |             | 18000                 | Viðmið 90 m2/1000 skj. |                |       |
|                                                        |                                                                | Fjöldi klasa         |             | 8                     |                        |                |       |
|                                                        |                                                                | Fjöldi hæða          |             | 1                     | Önnur                  | 1,15           |       |
| ÚTREIKNINGAR                                           |                                                                |                      |             |                       |                        |                |       |
| Nr.                                                    | Heiti starfsemi                                                | Forsendur viðmið     | fjöldi rýma | Starfstöðvar          | Alls m2 nettó          | Alls m2 brúttó |       |
| Móttaka - klasi 1                                      |                                                                |                      |             |                       |                        | 35%            |       |
| 1.0.0                                                  | Aðalinngangur                                                  |                      | 1           | 0                     | 15                     |                | 20    |
| 1.0.1                                                  | Móttaka - móttökuritarar                                       | 5,5                  | 1           | 3                     | 16,5                   |                | 22    |
| 1.0.2                                                  | Biðstofa m. 2. snyrtingum                                      | 30                   | 1           | 0                     | 30                     |                | 41    |
| Samtals                                                |                                                                |                      |             | 3                     | 61,5                   |                | 83    |
| Bakvinnsla - klasi 2                                   |                                                                |                      |             |                       |                        |                |       |
| 1.0.3                                                  | Heilbrigðisgagnafræðingar/teymisrými                           | 5,5                  | 1           | 4                     | 22                     |                | 30    |
| 1.0.4                                                  | Verkefnastjóri hluti teymisrýmis afskermað að hluta            | 5,5                  | 0           | 1                     | 5,5                    |                | 7     |
| 1.0.4.1                                                | Sjúkraskrár (70hm/6)                                           | 11,7                 | 1           | 0                     | 12                     |                | 16    |
| 1.0.5                                                  | Skrifstofulager - ljósritun                                    | 6                    | 1           | 0                     | 6                      |                | 8     |
| Samtals                                                |                                                                |                      |             | 5                     | 45                     |                | 61    |
| Viðtalsherbergi - Klasi 3                              |                                                                |                      |             |                       |                        |                |       |
| 1.0.6                                                  | Innra biðrými                                                  |                      | 1           | 0                     | 18                     |                | 24    |
| 1.0.7                                                  | Viðtalsherbergi - (læknar)                                     | 18                   | 16          | 16                    | 288                    |                | 389   |
| 1.0.8                                                  | Viðtalsherbergi - (hjúkrun aldr/langv/sálfr/sjúkraþj./félagsr) | 18                   | 10          | 10                    | 180                    |                | 243   |
| 1.0.9                                                  | Lagerskápar /gangar 2 á hverri hæð                             | 1,2                  | 2           | 0                     | 2,4                    |                | 3     |
| Samtals                                                |                                                                |                      |             | 26                    | 488                    |                | 659   |
| Bráðarými - Klasi 4                                    |                                                                |                      |             |                       |                        |                |       |
| 1.1.0.                                                 | Innra biðrými                                                  |                      | 1           | 0                     | 18                     |                | 24    |
| 1.1.1.                                                 | Aðgerðastofa                                                   | 18                   | 3           | 3                     | 54                     |                | 73    |
| 1.1.2.                                                 | Aðgerða-vaktherbergi                                           | 18                   | 1           | 1                     | 18                     |                | 24    |
| 1.1.3.                                                 | Rannsókn - blóðtaka                                            |                      | 1           | 2                     | 15                     |                | 20    |
| 1.1.4.                                                 | Skol - sóttthreysn í námundan við aðgerðastofur                | 16                   | 1           | 0                     | 16                     |                | 22    |
| 1.1.5.                                                 | Hjúkrunarlagar                                                 | 12                   | 1           | 0                     | 12                     |                | 16    |
| Samtals                                                |                                                                |                      |             | 6                     | 133                    |                | 180   |
| Mæðra- og ungbarnavernd - Klasi 5                      |                                                                |                      |             |                       |                        |                |       |
| 1.1.6.                                                 | Innri biðrými - barnahorn + 4 m2 salerni                       |                      | 1           | 0                     | 18                     |                | 24    |
| 1.1.7.                                                 | Mæðravernd/Krabbameinsskoðun                                   | 18                   | 3           | 3                     | 18                     |                | 73    |
| 1.1.8.                                                 | Ungbarnavernd                                                  | 18                   | 2           | 2                     | 18                     |                | 49    |
| Samtals                                                |                                                                |                      |             | 5                     | 54                     |                | 146   |
| Heimahjúkrun - Klasi 6                                 |                                                                |                      |             |                       |                        |                |       |
| 2.0.0.                                                 | Hópstjóri - hluti teymisrýmis                                  | 5,5                  | 0           | 2                     | 11                     |                | 15    |
| 2.0.1.                                                 | Teymisrými (opið rými)                                         | 5,5                  | 2           | 10                    | 55                     |                | 74    |
| 2.0.2.                                                 | Hóprými - fundir 3 hópar                                       | 1,5                  | 3           | 0                     | 18                     |                | 24    |
| 2.0.3.                                                 | Lyfjaskápur - aðgangstýrt                                      | 1,5                  | 1           | 0                     | 1,5                    |                | 2     |
| 2.0.4.                                                 | Hjúkrunarlagar/Lagerskápar                                     | 1,2                  | 1           | 0                     | 1,2                    |                | 2     |
| Samtals                                                |                                                                |                      |             | 12                    | 86,7                   |                | 117   |
| Geðheilsuteymi - Klasi 7                               |                                                                |                      |             |                       |                        |                |       |
| 2.0.5.                                                 | Biðstofa m. snyrtingum + 3,5                                   | 3,5                  | 1           | 0                     | 15                     |                | 20    |
| 2.0.6.                                                 | Viðtalsherbergi                                                | 15                   | 8           | 8                     | 120                    |                | 162   |
| 2.0.7.                                                 | Hóprými - kennslurými - fundir, hægt að skipta í tvö rými      | 20                   | 1           | 0                     | 20                     |                | 27    |
| 2.0.8.                                                 | Afdrep - litlir hópar, hægt að sameina stærri hóprými          | 8                    | 1           | 1                     | 8                      |                | 11    |
| 2.0.9.                                                 | Lagerskápar                                                    | 1,2                  | 0           | 0                     | 0                      |                | 0     |
| Samtals                                                |                                                                |                      |             | 9                     | 163                    |                | 220   |
| Miðlæg rými - Klasi 8                                  |                                                                |                      | fjöldi rýma | Starfstöðvar          |                        |                |       |
| 1.1.9.                                                 | Matsalur - eldhús - tvísetinn                                  | 1,5                  | 1           | 0                     | 44                     |                | 60    |
| 1.2.0.                                                 | Kaffikrókur                                                    | 2                    | 2           | 0                     | 4                      |                | 5     |
| 1.2.1.                                                 | Næðisrými                                                      | 5,5                  | 4           | 0                     | 22                     |                | 30    |
| 1.2.2.                                                 | Teymisrými (hjúkrun/læknar/sjúkra/sálfr/geðheilsut.)           | 5,5                  | 2           | 14                    | 77                     |                | 104   |
| 1.2.3.                                                 | Fundur - samstarfsrými                                         | 10                   | 2           | 0                     | 20                     |                | 27    |
| 1.2.4.                                                 | Fundarsalur 15-40 manns - tengt matsal (miðað við 30 manns)    | 42                   | 1           | 0                     | 42                     |                | 57    |
| 1.2.5.                                                 | Anddyri starfsmenn                                             |                      | 1           | 0                     | 15                     |                | 20    |
| 1.2.6.                                                 | Búningsaðstaða með sturtu, snyrting (klefar+ forrými)          | 2                    | 1           | 0                     | 53                     |                | 72    |
| 1.2.7.                                                 | Munaskápar                                                     | 0,4                  | 1           | 0                     | 32                     |                | 43    |
| 1.2.8.                                                 | Geymsla fyrir ræstivagnar, þvottavél, ræstivask                |                      | 1           | 0                     | 8                      |                | 11    |
| 1.2.9.                                                 | Geymsla fyrir tæki, hjólastóla o.fl.                           |                      | 1           | 0                     | 13                     |                | 18    |
| 1.3.0.                                                 | Geymsla fyrir sorpflokkun nálægt eldhúsi                       |                      | 1           | 0                     | 8                      |                | 11    |
| 1.3.1.                                                 | Geymsla - Stoðþjónusta/eignaumsjón                             |                      | 1           | 0                     | 10                     |                | 14    |
| 1.3.2.                                                 | Vörumóttaka                                                    |                      | 1           | 0                     | 10                     |                | 14    |
| 1.3.3.                                                 | Tæknirými-loftræsing                                           |                      | 1           | 0                     | 25                     |                | 34    |
| 1.3.4.                                                 | Tæknirými-tölvuherbergi                                        |                      | 1           | 0                     | 5                      |                | 7     |
| Samtals                                                |                                                                |                      |             | 14                    | 389                    |                | 525   |
| Önnur rými                                             |                                                                |                      |             |                       |                        | 15%            |       |
| 1.3.5.                                                 | Sorpgeymsla                                                    |                      | 1           | 0                     | 22                     |                | 25    |
| 1.3.6.                                                 | Hjólageymsla læst                                              |                      | 1           | 0                     | 24                     |                | 28    |
| Önnur rými samtals                                     |                                                                |                      |             |                       | 46                     |                | 53    |
| Bílastæði                                              |                                                                | 12,5                 | 73          | 0                     | 913                    |                | 1.643 |
| Rafhleðslustöðvar (uppsettar) 20% + 3 stæði f. fatlaða |                                                                | 18                   | 1           | 0                     | 18                     |                |       |
| Samtals                                                |                                                                |                      |             | 0                     | 959                    |                | 1.748 |
| Heildarstærð heilsugæsla án annarra rýma               |                                                                |                      |             | 59                    | 1.171                  |                | 1.653 |
| Heimahjúkrun                                           |                                                                |                      |             | 12                    |                        |                | 117   |
| Geðheilsuteymi                                         |                                                                |                      |             | 9                     |                        |                | 220   |
|                                                        |                                                                |                      |             |                       |                        |                | 1.990 |
|                                                        |                                                                |                      |             |                       | önnur rými             |                | 53    |
| Tegund rýma                                            |                                                                | Rými                 | Brúttó m2   |                       |                        |                |       |
| Viðtalsherbergi/skoðun samtals                         |                                                                | 39                   | 915         | Viðmið heildug: 1.620 |                        |                |       |
| Móttaka og biðstofur samtals                           |                                                                | 6                    | 156         | Viðmið heimah: 216    |                        |                |       |
| Opnar vinnustöðvar/Teymisrými samtals                  |                                                                | 5                    | 223         | Viðmið geðh: 220      |                        |                |       |
| Fundarými                                              |                                                                | 7                    | 135         |                       |                        |                |       |
| Næðisrými/afdrepp                                      |                                                                | 5                    | 30          | 2.056                 |                        |                |       |
| Starfstöðvar                                           |                                                                | 80                   | 1459        | Lóðarstærð: 3.738     |                        |                |       |
|                                                        |                                                                |                      |             | Lóðarstærð: 2.743     |                        |                |       |

Anna Sofia Kristjánsdóttir